



### Byggingarlýsing

Sótt er um leyfi fyrir 150m<sup>2</sup> einbýlishúsi auk 40m<sup>2</sup> gestahúsi á einni hæð við Mánabakka 9 í landi Ásgarðs í Grímsnesi.

Húsið er reist úr CLT timbureiningum sem einangraðar eru að utan með 100mm steinullareinangrun og klæddar með loftaðri standandi timburklæðningu í svörtum lit. CLT timbureingar útveggja eru 100mm þykkar. Botnplatan er staðsteypt og einangruð að neðan með 100mm plasteinangrun. Þakplötur eru 140mm CLT timbureingar, einangraðar með 200mm þéttri steinullareinangrun og klætt að utanverðu með krossviði á lektum og tvöföldum ásoðnum þakpappa í flokki 1. Krossloftun verður undir krossviðnum með loftunartúðum. Þakhalli er með lágmarkshalla og leitt er að niðurfallrörum sem merktar eru á grunnmynd og þakmynd. Þakkantur er klæddur af eins og útveggir með standandi svörtum timburborðum. Að innanverðu er loftið niðurtekið og klætt með hljóðdempandi loftapötum eða dúk. Innveggir eru 100mm CLT timbureiningum og klæddir með gipsplötum í flokki 1.

Allri votrýmisveggir eru klæddir með 12mm rakapólum gipsplötum á 12mm rakapólur spónarplötur og lagðir flisum.

Öll gluggalaus rými verða vélrænt loftræst en að öðru leyti er náttúruleg loftræsting í húsinu.

Gólfhiti er í húsinu.

Neysluvatnslagnir eru rör í rör plastlagnir. Kaldavatnslagnir eru lagðar undir plasteinangrun í botnplötu, en heitavatnslagnir eru steyptar í botnplötu. Varmaskiptir skal vera á heitu neysluvatni við inntak. Inntök eru staðsett í þvottahúsi.

Allir gluggar eru álguggar. Opnanleg fóg og hurðar eru með opnarstillingum til útloftunar. Allir gluggar eru með U-gildi 1,2. Topphengd brunaop þurfa að opnast í 90gráður og haldast opin. Gler í gluggum/hurðum sem er nær gólfi/jarðvegi en 60 cm er hert-/öryggisgler, þar sem fallhætta er til staðar er öryggisgler. Allir aðkeyptir byggingarhlutar skulu bera vottun samkvæmt ákvæðum byggingarreglugerðar.

Heitur pottur með læstu loki er sunnameginn við húsið. Fjögur bílastæði eru á bílastæðaplani.

Reykskynjarar eru í herbergjum, sem og á gangi, í eldhúsi og í stofu. Þrjú slökkvitæki eru í húsunum, tvö við anddyri beggja húsa og eitt í eldhúsi. Topphengd brunaop þurfa að opnast í 90 gráður og haldast opin. Frágangur eldstæðis og reykháfs skal vera samkvæmt gr. 9.6.5 og 9.6.6 í byggingarreglugerð.

Húsið er ekki hannað skv. algildri hönnun.

### Varmatapsútreikningar skila eftirfarandi niðurstöðu:

Útveggir:	U=0,28W/m <sup>2</sup> °C (Ti>=18°C)
Gluggar:	U=1,7W/m <sup>2</sup> °C (Ti>=18°C)
Hurð:	U=2,0W/m <sup>2</sup> °C (Ti>=18°C)
Þakvirki:	U=0,19W/m <sup>2</sup> °C (Ti>=18°C)
Gólf:	U=0,25W/m <sup>2</sup> °C (Ti>=18°C)

Heildarvarmatap á m<sup>2</sup> húss: U=2,03 W/m<sup>2</sup>°C

### Brúttó flatarmál og brúttó rúmmál hússins eru eftirfarandi:

Íbúðarhús: 149,7 m<sup>2</sup> og 769,4 m<sup>3</sup>  
 Gestahús: 39,8 m<sup>2</sup> og 160,8 m<sup>3</sup>  
**Samtals: 189,5 og 930,2 m<sup>3</sup>**


(Hámarks flatarmál íbúðarhúss skv. dsk. er 150m<sup>2</sup> og gestahúss 40m<sup>2</sup>)

Stærð lóðar er 6673,0 m<sup>2</sup>

Nýtingarhlutfall lóðar er 0,03



Upprunalegur hönnuður:



### Skýringar:

RP: Rotþró  
 HP: Heitur pottur

20212277

Útg. | Skýring / Breyting. | Dags. | Teiknað/Yfirfarið

### Frístundahús

TEGUND VERKS

Mánabakki 9, Grímsnes og Grafingshreppur  
 GATA/STAÐSETNING

Afstöðumynd	LANDNÚMER:	L210860
	STAÐGR.:	8719-1-13420090
	MHL:	01
	MKV.:	1:500
	BLAÐSTÆRD:	A2
	ÚTGÁFA DAGS:	12.08.2021
	TEIKNAD:	JDA
	YFIRFARIÐ:	AGLA

0131

VERKNR.

A101

RADNR. ÚTGÁFA

TRÍPÓLÍ  
 Jón Davíð Ásgeirsson

Jón Davíð Ásgeirsson FAÍ  
 TRÍPÓLÍ | ARKITEKTAR  
 kt: 250280-5729

Skólavörðustígur 16 | 101 Reykjavík | S: 6929883 | jon@tripoli.is | www.tripoli.is  
 © TRÍPÓLÍ | ARKITEKTAR  
 ÖLL AFRITUN OG AFRITUN TEIKNINGAR AÐ HLUTA EÐA Í HEILD ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA